



SAMEINING BORGARBYGGÐAR OG SKORRADALSHREPPS SAMÞYKKT

Lokadagur íbúakosninga um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps var í dag og atkvæði hafa verið talin. Í Borgarbyggð voru 3137 á kjörskrá. Alls greiddu 501 atkvæði eða 16%. 417 sögðu já eða 83,2% greiddra atkvæða, 82 sögðu nei eða 16,4%, tveir seðlar voru auðir.

Í Skorradalshreppi voru 61 á kjörskrá. Alls greiddu 54 atkvæði eða 88,5%. 32 sögðu já eða 59,3% 22 sögðu nei eða 40,7%.

Niðurstaðan er því sú að sameining var samþykkt í báðum sveitafélögunum.